

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Grundarfjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps í Grundarfjarðarbæ.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps með fasteignagjöldum ár hvert. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphirðing fer fram kr. 12.000 á tunnu í sorphirðugjald og kr. 10.000 á tunnu í sorpeyðingargjald.
- b) Sumarbústaðir og önnur orlofshús sem njóta ekki sorphirðingar, kr. 5.600 í sorpgjald.

3. gr.

- Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 6.700 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.
- Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 1.500 fyrir hvern rúmmetra.
- Fyrir heil dekk greiðast kr. 6.700 fyrir hvern rúmmetra.
- Fyrir skorin dekk kr. 3.300 fyrir hvern rúmmetra.
- Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 5.400 fyrir tonnið.
- Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 1.300 fyrir rúmmetra.
- Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 6.500 fyrir tonnið.
- Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 900 á rúmmetra.
- Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 10.000 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 13.300 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 16.600 fyrir hvert tonn.
- Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 2.600 fyrir rúmmetra.
- Virðisaukaskattur er innifalinn í verði skv. þessari grein.
- Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði gámastöðvar er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 500 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

4. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku kæli- og frystiskápa.

5. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

6. gr.

Innheimta samkvæmt 3. gr. er gerð með sérstökum reikningi, eindagi er 15 dögum eftir útskrift reiknings.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 12. janúar 2007, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um sorphirðu í Grundarfirði nr. 462/2002 og öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 12. janúar 2007.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2007